

Lagt fyrir fund velferðarráðs 13. ágúst 2026

Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Framsóknarflokksins um að greina og efla valkosti í sjálfstæðri búsetu með stuðningi

Lagt er til að velferðarsvið geri greiningu á framboði og eftirspurn eftir valkostum við hefðbundna búsetukjarna, þar á meðal: a) yfirlit yfir þá einstaklinga á biðlista eftir sértæku húsnæði þar sem sjálfstæð búseta með stuðningi gæti komið til greina í stað búsetukjarna b) samanburð á kostnaði á hvern notanda milli þjónustuforma: búsetukjarna, sjálfstæðrar búsetu með sólhringsstuðningi (Liðsaukinn), NPA og beingreiðslusamninga, og stuðnings- og stoðþjónustu í eigin húsnæði. Einnig er velferðarsviði falið að vinna tillögur að næstu skrefum, þar á meðal hvort mögulegt sé að þróa fjölbreyttari þjónustuleiðir í sjálfstæðri búsetu sem mæta þörfum einstaklinga á biðlistum með lægri tilkostnaði en sértæk búsetuþjónusta.